

REGLUGERÐ

66

23. júní

um

framkvæmd við tollgæzlu skipa, báta og loftfara, er koma frá erlendum höfnum, innlendum höfnum, eða af fiskiveiðum og hafna sig á tollgæzlusvæði Reykjavíkur.

1. gr.

Pegar skip eða bátar koma frá öðrum löndum og hafna sig á tollsvæði Reykjavíkur, og læknisskoðun hefir farið fram, eftir þar um gildandi lögum, skal tollgæzlan annast um afgreiðslu þeirra, eftir því sem ákveðið er í bannlögum, tolllögum, öllum þeim, sem í gildi eru, og öðrum lögum og reglum, sem til greina geta komið. Á meðan á afgreiðslu þessari stendur, má enginn hvorki koma á skipsfjöl né fara frá borði, nema leyfi tollgæzlumanna komi til, og eigi má skipstjóri heldur nema með samþykki þeirra, gefa skipun eða leyfa að leggja skipinu að hafnarvirkjum, fyr en tollgæzlumenn hafa lýst því yfir, að afgreiðslu sé lokið.

Um herskip og skemmtiferðaskip fer eftir þeim reglum, er um þau skip gilda sérstaklega.

2. gr.

Skip þau og bátar, sem koma frá innlandshöfnum eða af fiskiveiðum skulu, ef tollgæzlan álitur þess þörf, háð sömu reglum, að því er til tollgæzlu kemur, sem skip þau, er 1. gr. ræðir um, og skulu þá tollgæzlumenn, þegar er þeir koma á skipsfjöl, tilkynna skipstjóra, að framkvæma eigi eftirlit á sama hátt og með skipum, er koma frá erlendri höfn.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. skulu og gilda eftir því sem við á, er loftför, flugvélar eða flugbátar, eða önnur flugtæki lenda á tollsvæði Reykjavíkur, og má þá fararstjóri eigi leyfa samgöngur, fyr en tollgæzlumenn hafa lokið störfum sínum.

4. gr.

Skipstjóra ber að láta tollgæzlumönnum í té tollskjöl þau og önnur afgreiðsluskjöl, er skipið hefir fengið á síðustu höfn, er það hefir fengið afgreiðslu á, hvort sem sú höfn hefir verið erlendis eða hér á landi, svo og farm-skrár, farmskirteini og önnur skjöl viðvikjandi farminum, og að öðru leyti að veita tollgæzlumönnum alla þá aðstoð, sem þörf er á, til þess að afgreiðslan gangi sem greiðast, og án tafa eða tálmana.

66

23. júní

5. gr.

Að afgreiðslu lokinni tekur tollgæzlan í sínar vörzlur þjóðernisskírteini skipsins, tollskírteini, farmskrár eða farmskírteini ef um farmskip er að ræða, og ennfremur skipshafnarskrána, ef um fiskiskip er að ræða, og önnur skjöl eftir því sem við á. Varðveitir tollgæzlan síðan skjöl þessi. En er skipið hefir lokið erindum sínum og greitt öll lögboðin gjöld, afhendir tollgæzlan skipstjóra þjóðernisskírteinið og ef fiskiskip er, einnig skipshafnarskrána.

6. gr.

Til þess að fullvissa sig um, að vörur og annar farangur, sem er með skipi, sé öllu framvísað og rétt frá skýrt fyrir tollgæzlumönnum og að allt sé rétt tilfært á skjölum, sem skip hefir meðferðis af farmi og öðrum flutningi, er tollgæzlumönnum heimilt að leita allsstaðar í skipi og í hirzlum og farangri skipverja og farþega, svo og á skipverjum, farþegum og öðrum mönnum, er tollgæzlumönnum þykir ástæða til að ætla, að leyndu á sér vörum eða hlutum, til þess að skjóta því undan tollgreiðslu, eða sem bannað er að flytja í land.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu eftir ákvæðum í 12. kapitula hinna almennu hegningarlaga, um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1930.

Einar Arnason.

Gísli Ísleifsson.